

LYKILUPPLÝSINGAR FJÁRFESTA

Í skjali þessu er að finna lykilupplýsingar um skuldabréf útgefið af ALÍSA hf. Upplýsingar þessar eru settar fram á grundvelli laga til að hjálpa þér að skilja eðli og áhættu þess að fjárfesta í þessu skuldabréfi. Þér er ráðlagt að lesa skjalið svo þú getir tekið upplýsta ákvörðun um hvort rétt sé að fjárfesta í viðkomandi skuldabréfi.

ALÍSA SKULDABRÉF

Gjalddagi: 6 til 12 mánuðir, mánaðarlegar vaxtagreiðslur og höfuðstóll greiddur á lokagjalddaga. Fastir vextir.

Útgefandi skuldabréfs: ALÍSA hf., kt. 510418-3950, Sundagarðar 2, 104 Reykjavík

Félagið sérhæfir sig í bíla- og tækjafjármögnun fyrir íslenskan markað, þar sem lánstíminn er 12-84 mánuðir. Um er að ræða hefðbundna bíla-, véla- og tækjafjármögnun með veði í undirliggjandi bíl eða tæki. Viðskiptavinir Alísu eru einstaklingar og fyrirtæki með íslenska kennitölu. Eignasafn félagsins er að mestu leyti veðskuldabréf.

Félagið var stofnað 2018 og hóf eiginlegan rekstur árið 2019. Hluthafar félagsins eru 14, þar á meðal ALM Verðbréf hf. Hlutfjáreign hvers hluthafa er á bilinu 3 - 10%.

Eigið fé félagsins þann 30.6.2020 var 220 m.kr., eignasafn 430 m.kr. og skuldir 210 m.kr. Með núverandi útgáfu skuldabréfa geta skuldir félagsins orðið 800 m.kr. og eignasafn 1.000 m.kr., eða eiginfjárlutfall 20%. Ekki er gert ráð fyrir hagnaði á þessu ári, áætlanir gera ráð fyrir 10-20 m.kr. í tap.

Áhætta og ávöxtun - Áhættuflokkur 4

Skuldabréfið er ekki skráð á verðbréfamarkaði og er ekki með beint veði í eignum félagsins. Áhætta felst m.a. í að félagið geti ekki staðið við endurgreiðslu á höfuðstól og vöxtum skuldabréfs, t.d. vegna lausafjárskorts eða að eigið fé félagsins hafi rýrnað svo að það geti ekki staðið við skuldbindingar sínar.

Félagið leitast við að tryggja eignasafn sitt með veði í bifreiðum, tækjum og vélum. Helsta áhætta félagsins felst í svikum, að virði veðandlaga sé rétt, og greiðslugetu greiðanda veðskuldabréfa. Einnig er um að ræða áhættu vegna skjalagerðar.

Til að meta áhættu skuldabréfaeiganda skal m.a. horft til eiginfjárlutfalls félagsins, veðþekju eignasafns, vanskilahlutfalls eignasafns, aldur félags og rekstrarafkomu. Miðað við eiginfjárlutfall verði ekki minna en 20% og fjárfestingastefnu félagsins varðandi eignasafn er tapsáhætta skuldabréfs metin í áhættuflokk 4. Til að meta áhættu er horft til lánshæfismats félagsins og tapsáhættu eignasafns sem hlutfall af eigið fé. Þannig fæst mat á tapsáhættu skuldabréfaeiganda.

Skuldabréfið ber fasta vexti og því lítil vaxtaáhætta tengd skuldabréfinu. Fjárfestum er bent á að lítill eða engin eftirmarkaður er á skuldabréfum útgefnum af Alísu hf. og því erfitt að innleysa skuldabréf fyrir gjalddaga.

Fjárhagsleg áhætta

1 2 3 4 5 6

Lítill tapsáhætta

hlutfé

Skuldabréf eru metin út frá lánshæfi og/eða tapsáhættu eignasafns (álagspróf). Áhætta hlutabréfa eða skráðra skuldabréfa er metin út frá áætluðu flökti verðbreytinga.

Seljanleikaáhætta

0 1

Einkunn 0 (mikill seljanleiki): Skráð ríkisskuldabréf og veltumikil hlutabréf; Einkunn 1 (lítill seljanleiki): óskráðir fjármálagerningar eða lítill velta með skráða gerninga.

Lausafjáraáhætta

0 1 2 3

Lausafjárskortur fyrirtækja eða verkefna haft veruleg áhrif á afkomu eða greiðslugetu. Hér er horft til þess að skráðir fjármálagerningar fái einkunnina 0, óskráðir fjármálagerningar 1 til 2, ef hættu er á að greiðslur geti frestast verulega: einkunn 3.

Áhættuflokkur

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10

innlán,
ríkisskuldabréf

Skráð hlutabréf

Óskráð hlutabréf,
há skuldstning

Gjöld

Kostnaður við útgáfu skuldabréfs er greiddur af greiðanda/útgefanda skuldabréfs.

Saga - árangur

Á ekki við.

Ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.

Hagnýtar upplýsingar

Vörsluaðili: ALM Verðbréf hf.

Nánari upplýsingar

Frekari upplýsingar um skuldabréfið, upplýsingablað um eignasafn félagsins, ársskýrslur félagsins þá hafið samband við fyrirtækjaráðgjöf ALM Verðbréfa hf, eða vefslóðin: [nýr vefur](#)

Skattar

Um skattlagningu hagnaðar af skuldabréfum gilda lög um tekjuskatt nr. 90/2003, lög um fjármagnstekjuskatt nr. 94/1996 ásamt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. **Eigandi/kaupandi skuldabréfs** sér um að standa skil á sköttum vegna skuldabréfs.

Ábyrgð - fyrirvari

ALM Verðbréf hf er einungis ábyrgt fyrir yfirlýsingum í þessu skjali sem kunna að reynast vera villandi, rangar eða ekki í fullu samræmi við kynningu.

Fjárfesting í fjármálagerningum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta. Greiðslugeta útgefanda m.a. vegna lausafjárskorts eða rýrnunar á eignum getur versnað og ber m.a. að hafa í huga áhættu vegna efnahagsástands, fjárfestinga útgefanda auk gengisflóchts gjaldmiðla þegar eignir útgefanda eru í erlendum gjaldmiðlum. Bent skal á að ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.

Útgefandi fjárfestir fyrst og fremst í veðskuldabréfum með veði í bifreiðum, tækjum og vélum. Verðrýrnun veðandlaga er því töluverð yfir líftíma skuldabréfs.

Fjárfestingu í óskráðum skuldabréfum fylgir alltaf áhætta. Hægt er að draga úr áhættu með því að fjárfesta eignasafni eða sparnaði í vel dreifðu safni skuldabréfa og innlána. Fjárfestir þarf að vera meðvitaður um áhættuþol sitt þar sem skuldabréf er bundið amk fram að gjalddaga og í tilfellum þar sem útgefandi hefur ekki laust fé til að endurgreiða skuldabréf, eða eignasafn hans hefur rýrnað, getur orðið dráttur á greiðslu skuldabréfs.

Fjárfestingarmarkmið og fjárhagsstaða fjárfesta eru mismunandi. Þeim aðilum sem hafa hug á viðskiptum er bent á að leita sér sérfræðilegrar ráðgjafar og kynna sér vel hina ýmsu fjárfestingakosti sem í boði eru. Ofangreind umfjöllun veitir einungis takmarkaðar upplýsingar og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér vel ársreikning útgefanda, yfirlit yfir eignasafn útgefanda, og áhættumat skuldabréfs (áhættuflokkar).

Umfjöllun þessi er aðeins birt í upplýsingaskyni og skal því ekki litið á hana sem ráðleggingu/ráðgjöf um að ráðast eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu eða tilboð um að kaupa, selja eða skrá sig fyrir tilteknum fjármálagerningum.

ALM Verðbréf hf., er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða, til að stunda eignastýringu og fjármálaráðgjöf, og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.